

LANDPÓSTURINN

7. tbl. 10.árg. Fréttabref Félags landfræðinga
Pósthólf 5391, 125 Reykjavík. ábn. : Matthildur Kr. Elmarsdóttir

Fræðslukvöld Félags landfræðinga:

UMHVERFISSTEFNA NÝRRAR ALDAR FYRIR REYKJAVÍK

Að búa í sátt við samfélag og umhverfi

Miðvikudagskvöldið 21. október, kl. 20.30 í Odda stofu 201

Hjalti J. Guðmundsson landfræðingur flytur erindi á vegum Félags landfræðinga næstkomandi miðvikudagskvöld. Hjalti hefur lokið M.Sc.-prófi frá Háskóla Íslands og stundað doktorsnám við Edinborgarháskóla. Hann starfar nú sem verkefnisstjóri hjá Reykjavíkurborg.

Hjalti mun gera grein fyrir umhverfisstefnu Reykjavíkur sem nýlega var birt. Hann mun fjalla um undirbúning við mörkun umhverfisstefnunnar og kynna tilgang hennar, meginatriði og áframhaldandi vinnu.

Þetta er kjörið tækifæri til að fá svör við því hvað Reykjavíkurborg er að gera til að uppfylla alþjóðlegar samþykktir í umhverfismálum s.s. Ríó-samþykktina um umhverfisframkvæmdaáætlun fyrir 21. öldina, svokallaða Dagskrá 21.

Síðustu tvö fræðslukvöld félagsins hafa verið vel sótt og þau eru kjörinn vettvangur til að hitta gamla féлага og kynnast fleiri landfræðingum.

**Mætum því sem flest og tökum gesti með
Öllum heimill aðgangur.**

Inga Ingbjörg Guðmund:
Bröttubrekku 1
200 Kópavogi

Tryggvi Jakobsson skrifar

EUROGEO

Ráðstefna evrópskra landfræðikennara
í Lúxemborg 25.-27. september 1998

Þann 25.-27. september síðastliðinn var haldin í Lúxemborg ráðstefna evrópskra landfræðikennara. Slíkar ráðstefnur hafa verið haldnar á tveggja ára fresti undanfarin 18 ár. Undirritaður sat ráðstefnuna að þessu sinni fyrir hönd Félags landfræðinga.

Upphaf þessa samstarfs má rekja til ársins 1979 að fulltrúar nokkurra Evrópulanda komu saman í Brussel á vegum Evrópuráðsins og ákváðu að boða til samstarfsfunda, eða ráðstefna, sem í upphafi gengu undir nafninu European Standing Conference of Geography Teachers Associations (ESCGTA). Meðal þess sem gefið hefur verið út af þessum samtökum er upplýsingaheftið EUROGEO, sem komið hefur út alls níu sinnum og hefur að geyma ýmsar þemabundnar upplýsingar um þau lönd sem tengst hafa samstarfinu. Leitast var við að hafa þessar upplýsingar á hverjum tíma eins nýjar af nálinni og kostur var, þannig að þær kæmu kennurum og öðrum sem á slíkum upplýsingum þyrftu að halda sem best. Frá árinu 1990 hefur einnig komið út fréttabréf þar sem birtar hafa verið niðurstöður ráðstefnanna, upplýsingar um nýjar útgáfur og fleira. Árið 1996 kom út á vegum samstarfsins upplýsingaritíð Directory for Geographical Education in the Countries of Europe. Þetta rit, sem einnig er til á tölvutæku formi, hefur að geyma heimilisföng samtaka landfræðinga og landfræðikennara, upplýsingar um bókasöfn, kortabanka, útgefendur o. fl.

Meginmarkmið þessa samstarfs hefur ætíð verið að bregðast á ábyrgan og uppbyggilegan hátt við ýmsum ályktunum og samþykktum Evrópusambandsins, m.a. þeim sem snerta SOCRATES- og ERASMUS-samstarfið, m.a. með það að leiðarljósi að:

- umfjöllun um Evrópusamstarfið verði eðlilegur hluti landfræðináms Evrópubúa
- efla þekkingu fólks á Evrópu
- nýtt námsefni fjalli um sameiginleg markmið Evrópulanda.

Árið 1994 urðu nokkur tímamót í sögu þessa samstarfs. Fram að því höfðu ráðstefnurnar og útgáfa EUROGEO-ritsins notið fulls stuðnings Evrópusambandsins. En þá ákvað sambandið að skera niður fjárveitingar til

samstarfsins um helming. Afleiðingin varð sú að stórlega dró úr útgáfunni og að leita varð til menntamálayfirvalda einstakra landa um stuðning við að halda ráðstefnurnar. Ráðuneyti menntamála í Hollandi, Austurríki og Lúxemborg hafa síðan hlaupið undir bagga með myndarlegu fjárframlagi til að unnt yrði að halda ráðstefnurnar þar. Um leið hefur þetta samstarf verið að teygja anga sína til austurs, eftir því sem samskipti við þjóðirnar þar hafa orðið meiri.

Á ráðstefnunni í Hollandi 1994 var eftirfarandi samþykkt:

1. Þátttaka í samstarfinu skyldi opin samtökum landfræðikennara í öllum Evrópulöndum, innan og utan Evrópusambandsins.
2. Nýrri miðstöð samstarfsins verði komið á, en hún hefur verið fóstruð í Utrecht í Hollandi af stofnun sem heitir Information and Documentation Centre for Geography of Netherlands (IDG), sem nú verður brátt lokað. Því er ljóst að eigi síðar en á ráðstefnunni í Edinborg árið 2000 verður að ákveða hvar aðsetur samstarfsins verður í framtíðinni.
3. Þar sem dregið hefur úr stuðningi Evrópusambandsins verður að byggja samstarfið á árlegum fjárframlögum þátttökulandanna.
4. Nafni samstarfsins verði breytt í EUROGEO, þ.e. European Network of Geography Teachers Associations.

Í framtíðinni er EUROGEO ætlað að sinna fyrst og fremst því að miðla upplýsingum til stjórnvalda og þeirra sem fást við landfræðikennslu í Evrópu. Öflun nýrra og réttra upplýsinga er vandamál sem kennarar, höfundar og útgefendur kennsluefnis, kortabóka og annarra fræðiritra standa sífellt frammi fyrir, ekki síst í ljósi þeirra miklu breytinga sem orðið hafa og munu verða í Evrópu. Enn fremur munu samtökin gegna mikilvægu hlutverki í að miðla nauðsynlegum upplýsingum á milli þátttökulandanna um ýmislegt sem snertir greinina og kennslu hennar.

Þessu hyggjast samtökin ná fram með því að:

1. Halda áfram að gangast fyrir ráðstefnum EUROGEO á tveggja ára fresti. Þegar hefur verið ákveðið að næsta ráðstefna verði í Edinborg árið 2000.
2. Hætta útgáfu EUROGEO-ritsins í núverandi mynd, en snúa sér þess í stað af krafti að því að hefja útgáfu og dreifingu á Internetinu. Þegar hefur verið ráðist í að opna heimasíðu samtakanna, en slóð hennar verður til að byrja með: **<http://www.restena.lu/aleg/>**.
3. Halda áfram útgáfu upplýsingaritsins um þátttökulöndin.
4. Halda áfram útgáfu fréttabréfsins, a.m.k. þar til vefsíðan hefur að fullu komist í gagn, en á henni verður að sjálfsögðu hægt að koma fyrir miklu af þeim upplýsingum sem að framan hefur verið getið.

Síðastliðið vor ákvað Evrópusambandið að hætta alveg fjárhagslegum stuðningi við þetta samstarf í samræmi við þá stefnu sambandsins að styðja fremur við ný verkefni en samstarf sem staðið hefur svo lengi. EUROGEO mun því meir en nokkru sinni fyrr þurfa að reiða sig á fjárframlög einstakra landa til að halda starfseminni gangandi. Lágmarks þátttökugjald er nú 100 ECU, en sum landanna greiða hærrí upphæð, enda er þeim það frjálst. Eigi hins vegar að fást fjárhagslegur stuðningur frá Evrópusambandinu í framtíðinni verður hann að renna til nýrra viðfangsefna. Því er ekki útilokað að sambandið fái stöðvað til að styðja við fyrirhugaða netútgáfu EUROGEO.

Þátttaka í EUROGEO er opin öllum félögum landfræðikennara í Evrópu. Mælt er til þess að þar sem slíkur félagsskapur er ekki til, þá verði honum komið á hið fyrsta. Hér á landi hefur Félag landfræðinga axlað ábyrgðina á þessu samstarfi og greitt árlegt framlag til þess. Hins vegar væri það vel athugandi hvort ekki væri grundvöllur fyrir því að stofna til félagskappar kennara og annarra sem að landfræðimenntun koma og bera hag greinarinnar fyrir brjósti. Þetta á ekki síst við nú þegar fyrir liggur að samkvæmt nýrri námskrá verði landfræði kennd sem sérstök námsgrein frá og með 5. bekk grunnskóla. Verðugt væri ef Félag landfræðinga hefði frumkvæði í þeim efnum.

FÉLAGSSTARFIÐ

Nokkrir landfræðingar hafa boðist til eða orðið við ósk stjórnar um að flytja erindi á fræðsluvöldum vetrarins. Enn er þó tækifæri til að koma sér eða hugmyndum um fyrirlesara eða efni á framfæri. Erindin verða auglýst með góðum fyrirvara og er gert ráð fyrir a.m.k. einu fræðsluvöldi fyrir júl auk þess erindis sem auglýst er í þessum Landpósti. Fylgist því með í næstu Póstum!

Stjórn félagsins telur tíma kominn á að landfræðingar hittist og geri sér glaðan dag. Er því verið að koma á fót skemmtinefnd sem mun undirbúa fagnað landfræðinga sem verður með einum eða öðrum hætti á komandi vetri. Þeir sem hafa áhuga á að starfa í eða með nefndinni sem tengiliðir við sinn bekk eru beðnir um að hafa samband við stjórnina (fl-s@os.is).

'' tókst til með ráðstefnu um grunnkortagerð sem haldin var fyrir í haust í innu við LÍSU-samtökin og Íslenska kortagerðarfélagið. Ástæða er til að a samvinnu við fleiri félög um ráðstefnuhald. Til umræðu er að í stað þess þlag landfræðinga haldi ráðstefnu á komandi ári verði hafin undirbúningur þglegri ráðstefnu sem haldin verði árið 2000. Ef félagsmenn hafa aðrar myndir þá er vert að koma þeim á framfæri við stjórn.

Að lokum: Munið að borga félagsgjöldin!